

Fyrirspurn til bæjarstjórnar

Fasteignagjöld.

Í stefnuskrá Framsóknarflokksins og stuðningsmanna hans er sett fram loforð um að lækka fasteignaskatt. Á íbúafundi í Nýheimum þann 22. maí í aðdraganda að sveitarstjórnarkosninga sagði bæjarfulltrúi B-lista að búið væri að reikna út áhrif þessa hugmyndar

1. Í dag er álagning í A-hluta 0,50 % af fasteignamatsstofni. Hver á lækkunin að vera frá því sem hún er í dag?

Svar: Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hver lækkunin á að vera. Ákvörðun um álagningu fasteignaskatts verður tekin í fjárhagsáætlunarvinnu í haust.

2. Hver er þá áætluð lækkunin á meðalstóra fasteign í krónum talið? a. Um 75 fermetra eign í fjölbýlishúsi
b. Um 124 fermetra einbýlishús
c. Um 180 fermetra einbýlishús

Svar: Fasteignamat er ólíkt milli eigna eins og gefur að skilja og því ekki að hægt að fastsetja lækkun á ákveðna stærð af eign. Hægt er eða gefa sér forsendur til að skoða málið út frá. Taflan hér fyrir neðan sýnir að eign sem metin er í fasteignamati að 45 milljónum króna borgar 225.000 í fasteignaskatt til sveitarfélagsins. Í línunum fyrir neðan sést upphæð sem borgað yrði ef álagning yrði lækkuð. Taflan ætti að skýra sig að öðru leyti sjálf.

Fasteignamat					
	45.000.000	35.000.000	30.000.000	25.000.000	
Álagning	0,50%	225.000	175.000	150.000	125.000
	0,45%	202.500	157.500	135.000	112.500
	0,40%	180.000	140.000	120.000	100.000
	0,35%	157.500	122.500	105.000	87.500

3. Hver er heildarlækkun á fasteignaskatt í sveitarfélaginu?

Svar: Þar sem álagningarprósentan liggur ekki fyrir er ekki hægt að svara þessari spurning að svo stöddu með nákvæmni. Árið 2017 var álagður fasteignaskattur á heimili í sveitarfélaginu alls 86.752.000 og kemur því til með að lækka með samsavarandi lækkun álagningar. Í þess samhengi má nefna að fasteignamat fyrir árið 2019 er komið út og samkvæmt skjali frá Þjóðskrá Íslands hækka fasteignamat í Sveitarfélaginu Hornafirði um 9%. Það er því enn meiri ástæða að lækka fasteignaskatt á heimili í sveitarfélaginu.

Hver reiknaði út áhrif þessara lækkunar á sveitarsjóð?

Svar: Óskað var eftir útreikningi hjá starfsmönnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á áhrif hugsanlegrar lækkunar á framlög til sveitarfélagsins frá sjóðnum ef til lækkunar kæmi annars vegar í 0.45% og hins vegar í 0.35%.

4. Hver eru áhrifin á sveitarsjóð og framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga?

Svar: Útreikningar sambandsins eru hér fyrir neðan.

Fasteignaskattsframlag 2017

Álagning	Skiptiprósentu	Framlag 2017	Áhrif v/ lækkunar
0,50%	2,74%	123.373.618	
0,45%	2,64%	118.721.892	-4.651.726
0,35%	2,43%	109.388.717	-13.984.902

Útgjaldajöfnunarframlag 2017

Álagning	Hámarkstekjur á íbúa	Framlag 2017	Breyting á framlagi
0,50%	680.390	247.726.497	
0,45%	678.163	251.226.673	3.500.176
0,35%	673.896	257.923.159	10.196.662

Samanlögð áhrif

Álagning	Samtals breyting á framlögum
0,50%	
0,45%	-1.151.550
0,35%	-3.788.240

Mikilvægt er að komi fram útgjaldajöfnunarframlagið breytist vegna tekjuskurðingar. Þegar fasteignaskattsframlagið lækkar þá minnka hámarkstekjur á íbúa sem veldur því tekjuskurðingin verður minni en ella.

Taflan sýnir að heildaráhrif á framlög jöfnunarsjóðs verða neikvæð um ríflega 1,1 miljón krónur ef álagning er lækkuð niður í 0,45% og verður neikvæð um ríflega 3,7 miljónir króna ef álagning verður lækkuð í 0,35%.

Fyrir utan þetta er tekjuskurðingin vegna fasteignaskattsins sem íbúarnir greiða beint, sem kemur til með að hækka að óbreytu um 9% 2019 á heimilin í sveitafélaginu eins og fyrr segir

Fyrir hönd frambjóðenda Framsóknarmanna og stuðningsmanna þeirra.

Ásgerður K. Gylfadóttir

